

Fundur um byggingarmál

skólans var haldinn fimmtudaginn 17. febrúar kl. 16⁰⁰ í Fjölbautaskólanum. Mættir voru: Hörður Björnsson og Hreggviður Stefánsson, en þeir tekknuðu Iðnskólahúsið, Steinar Geirdal, byggingafulltrúi Keflavík, Gunnar Sveinsson, Jón Böövarsson og Ingólfur Halldórsson.

- I. Ræddar voru hugmyndir Harðar og Hreggviðs um að byggð verði hæð ofan á Fjölbautaskólahúsið og síðan verði aðalskólahúsið byggð á fast við það í átt að íþróttahúsinu í svipaðri hæð og það, þannig að skólinn og íþróttahúsið verði eins og samfelld skólamannvirki séð frá Sunnubraut. Inngangur í aðalbyggingu yrði frá norðri og stækkunarmöguleikar í vestur.
- II. Arkitektunum var falið að kanna hvort hægt væri að koma fyrir einnar hæðar skólabyggingu ofar á svæðinu og væri hún ekki samtengd núverandi byggingum.
- III. Skólameistara og yfirkennara falið að leggja fram tillögur um fjölda kennslustofa fyrir almennar greinar, sérgreinar og verklegar greinar auk annars húsrýmis fyrir 600-700 nemenda fjölbautaskóla og senda þær arkitektunum í næstu viku.
- IV. Að lokum var Herði og Hreggviði falið að leggja fram tvo valkosti um byggingu skólamannvirkja á svæðinu:
 - a) Bygging fyrir Fjölbautaskóla með 600-700 nemendum.
 - b) Bygging fyrir þrjá efstu bekki grunnskóla með 450 nemendum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ingólfur Halldórsson,
fundarritari.